

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Vík, 9. Jan. 2020

Umsögn v/fimm ára samgönguáætlunar 2020 - 2024, mál 434

Frá „Vinum Vegfarandans”, félags um bættar samgöngur og umferðaröryggismál í Mýrdal.

Félagið fagnar því að nú skuli komið á samgönguáætlun, láglandisvegur um Mýrdal og jarðgöng undir Reynisfjall.

Ein ábending sem okkur finnst vert að minnast á: Í drögum að verkinu og áætluðum kostnaði er reiknað með 13 km nýrri vegalögn. Okkur virðist að þessi nýi vegur verði nær tíu kílómetrum og gætum því haldið að kostnaður við verkið sé ofreiknaður. Teljum vert að skoða þetta nánar.

Virðingarfyllst, f.h. Vina Vegfarandans.

Bjarni Jón Finnsson, formaður
Bryndís F. Harðardóttir, meðstjórnandi
Þórir N. Kjartansson, meðstjórnandi